

Tillaga að STARFSLEYFI

Meðhöndlun úrgangs

SORPA bs.

Lögheimili Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík

Álfsnesi, 116 Reykjavík

Kt.: 510588-1189

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir SORPU bs., kt. 510588-1189, fyrir meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi, Reykjavík. SORPA bs. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

- Heimilt er að urða allt að 120.000 tonn af úrgangi á ári.
Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að urða eru eftirfarandi:
 - Allur úrgangur sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Skal úrgangurinn vera baggaður ef mögulegt er.
 - Stöðug, óvirk spilliefni sem fullnægja viðmiðunum um móttöku sem sett eru í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ekki skal urða stöðug, óvirk spilliefni í reinum eða hólfum sem ætluð eru undir lífrænan úrgang. Skrá skal staðsetningu innan urðunarstaðar þegar urðuð eru stöðug, óvirk spilliefni.
Urðun asbestúrgangs skal vera í samræmi við ákvæði tl. 2.3.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Úrgang sem inniheldur gifs er óheimilt að urða með lífrænum úrgangi, sbr. tl. 2.2.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða spilliefni (nema stöðug og óvirk) á urðunarstaðnum.

Eingöngu má urða aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum í a lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.¹

Skv. skilyrðum í a lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. og lið a í 19. gr. í reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 leyfir Umhverfisstofnun förgun dauðra gæludýra og dýra af hestaætt með urðun.

- II. Heimilt er að starfrækja hreinsistöð fyrir hauggas. Miðlunartankar fyrir metan teljast hluti af hreinsistöðinni en þeir skulu vera að hámarki um 80 m³ (STP) að heildarrúmmáli.
- III. Heimilt er að gera tilraunir með endurnýtingu flokkaðs úrgangs í samráði við útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila.
Tilraunir með endurnýtingu lyktsterks úrgangs og annars úrgangs sem valdið getur umtalsverðum óþrifnaði, ónæði eða mengun er þó einungis heimilt að gera að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila. Í slíkum tilfellum skal rekstraraðili gera grein fyrir tilgangi, markmiðum, umfangi og aðferðum tilraunastarfseminnar áður en til framkvæmdar hennar kemur. Samþykki skal almennt ekki veitt fyrir tilraunum með lyktsterkan úrgang nema þær fari fram í lokuðu rými svo lágmarka megi mögulega lyktarmengun. Útgefandi starfsleyfis skal leita umsagna heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis áður en hann veitir samþykki sitt.
Útgefandi starfsleyfis eða eftirlitsaðili getur hafnað eða stöðvað tilraunastarfsemi hvenær sem er ef ekki verður staðið við framangreind skilyrði eða ef mengun frá henni er talin óásættanleg. Óheimilt er að gera tilraunir með úrgang sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016. Eftir atvikum geta tilraunir með endurnýtingu verið háðar öðrum leyfum og ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum.
- IV. Heimilt er að geyma úrgang sem nýttur er við rekstur urðunarstaðarins eða bíður endurnýtingar, t.d. viðarúrgang, hjólbarða, gler, steypubrot, garðaúrgang, baggað plast og net.
Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæðinu skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn hvers brennanlegs úrgangsflokks skal ekki vera meira en 8000 m³ hverju sinni. Um hjólbarða og plast gildir þó að ekki skal geyma meira en 5000 m³ hverju sinni og skal hver geymsluhaugur vera að hámarki 4 m hár og 2500 m³.
Óheimilt er að geyma spilliefni.

Brennsla úrgangs á athafnasvæðinu er bönnuð.

Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð.

¹ Sjá nánar í viðauka 2.
Síða 2 af 15

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð og mati á gögnum sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðunum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi.

Fyrirvaralaust eða annað óvenjubundið eftirlit skal fara fram til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt, eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á, fyrir veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis.

Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. greinar reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. greinar reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megj út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um að reksturinn hafi verið hafinn á nýjan leik ef hann hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 4.5 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en 31. desember 2019.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoðað skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoðað starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. grein reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.

- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita hæfilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003, eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila sbr. 4. mgr. 66. gr. laganna.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 6. mgr. 66. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests, að afturkalla starfsleyfi rekstrar eða stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998.

Telji eftirlitsaðili að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað sbr. 5. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

1.9 Samráðsfundur og opinn kynningarfundur

Árlega skal rekstraraðili boða fulltrúa útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila á samráðsfund. Rekstraraðili skal einnig bjóða fulltrúa heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og fulltrúa heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis að sitja fundinn. Þessir aðilar geta þó boðað oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit yfir framgang skilyrða starfsleyfisins eða vísa í gögn sem birt hafa verið opinberlega. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um reksturinn, mengunarvarnir, hugsanlegar breytingar á rekstrinum, eftirlitsmælingar og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

Þá skal rekstraraðili halda opinn kynningarfund a.m.k. annað hvert ár þar sem hann kynnir árangur sinn við mengunarvarnir og niðurstöður eftirlitsmælinga. Rekstraraðili skal í því sambandi afhenda Umhverfisstofnun niðurstöður eftirlitsmælinga auk annars efnis sem því tengist og stofnunin kann að óska eftir. Niðurstöður eftirlitsmælinga skulu birtar opinberlega fyrir fundinn. Umhverfisstofnun getur ákveðið að boða sjálf til fundarins í stað rekstraraðila. Rekstraraðili skal auglýsa fundinn opinberlega í Reykjavík og Mosfellsbæ.

1.10 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun birtir niðurstöður eftirlits og mælinga ásamt áætlunum og greinargerðum sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.11 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna elda. Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlun við eldi í urðunarreinum og fá hana samþykkt af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Úrgangi sem geymdur er skal komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum en sem nemur 8 metrum.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið girt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

2.2 Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

2.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi EB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.4 Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.5 Óeðlilega mikil mengun

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

2.6 Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa

Ef bráðamengun verður skal tafarlaust hafa samband við 112.

Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða, m.a. skv. viðbragðsáætlun (gr. 2.4), til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu.

Tilkynna skal eftirlitsaðila og viðkomandi heilbrigðisnefnd um tilfelli þar sem bráðamengun hefur orðið eða þar sem hætta er á bráðamengun eða umtalsverðum áhrifum á umhverfið.

2.7 Verkstjórn

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa tilgreindur starfsmaður sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum rekstrarins. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum, skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma ef þörf krefur.

2.8 Meðhöndlun hættulegra efna

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.9 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er.

2.10 Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003.

Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið, að svo miklu leyti sem hægt er, standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 1. mgr. gr. 2.11 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu og kynningarmála.

2.11 Tryggingar

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003. Skal tryggingin gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað.

Rekstraraðili skal jafnframt taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfseminni, t.d. með uppsetningu girðinga, skjólbelta og/eða jarðvegsmána.

3.2 Varnir gegn lyktarmengun

Taka skal, eins og kostur er, tillit til nálægrar byggðar með því að taka mið af vindafari hverju sinni við móttöku og urðun.

Fyrir urðun skal úða allan úrgang með lyktareyðandi efnum, þó ekki úrgang sem er birgður með þekjuefni strax við móttöku eða er urðaður í afmörkuðum reit fyrir lyktsterkan úrgang, sbr. 3. mgr. Baggaður úrgangur skal hafa verið úðaður fyrir böggun. Rekstraraðili getur kafið úrgangshafa um skriflega staðfestingu á að það hafi verið gert, sbr. c-lið tl. 1.1.2 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003. Einnig skal úða allan úrgang með lyktareyðandi efnum og/eða vatni/sjó eftir að honum hefur verið komið fyrir í urðunarrein ef nauðsynlegt er til að draga úr lyktarmengun. Skal tíðni úðunar og verklag miðast við að lyktarmengun sé lágmörkuð eins og frekast er unnt.

Úrgang sem telst vera lyktsterkur, t.d. seyru, síu- og ristarúrgang frá skólphreinsun, lýsisúrgang, ölgerðarhrat, sláturúrgang og fiskúrgang, skal urða í afmörkuðum urðunarreit sem sérstaklega er útbúinn til að taka við slíkum úrgangi. Skal yfirborð urðunarreitsins ávallt vera lokað og það þétt eins og kostur er. Móttökuaðstaða skal vera yfirbyggð svo losun fari ekki fram undir berum himni. Úða skal svæði í grennd við móttökuaðstöðu með lyktareyðandi efnum og ilmefnum eftir því sem nauðsynlegt er til að lágmarka lyktarmengun eins og frekast er unnt. Eyða skal lykt í lofti frá urðunarreitnum og móttökuaðstöðu eins og frekast er unnt áður en því er hleypt út, t.d. með vothreinsun í þvottaturni og með lífsíu. Ef óhapp verður og lyktsterkur úrgangur hellist niður við móttöku skal hreinsa hann upp án tafar. Rekstraraðili skal útbúa

tímasetta áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun og skal hún fjalla m.a. um hvenær og hvernig verði dregið úr urðun á lyktsterkum úrgangi.

Komi fram nýjar og betri aðferðir við varnir gegn lyktarmengun er rekstraraðila heimilt að taka þær upp, að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis.

3.3 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Urðunarstaðurinn og –reinar skulu þannig hönnuð að yfirborðsvatni sé beint frá þeim, t.d. með opinni fráveitu.

Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal ennfremur vernda með eftirfarandi hætti:

- Á botni urðunarstaðarins er heimilt að nýta náttúrulegan berggrunn með lektarstuðul u.þ.b. $1,0 \cdot 10^{-6}$ m/s sem jarðfræðilegan tálma. Skilyrði fyrir þessu er að rekstraraðili tryggi að botn urðunarstaðarins sé ávallt að lágmarki 1,5 m neðan við lægstu mögulegu grunnvatnshæð á viðkomandi svæði. Rekstraraðili skal árlega leggja fram greinargerð til eftirlitsaðila og sýna fram á að þessu skilyrði sé fullnægt. Greinargerðina skal leggja fram eigi síðar en 1. maí ár hvert og skal hún taka til undangengins almanaksárs. Ef framangreint skilyrði er ekki uppfyllt á einhverjum hluta urðunarstaðarins skal rekstraraðili útbúa botn þess hluta sem um ræðir með tilbúnum jarðfræðilegum tálma með lektarstuðul að hámarki $1,0 \cdot 10^{-8}$ m/s og þykkt að lágmarki 1 m. Á botni skal vera hriplag sem er að lágmarki 0,5 m þykkt og skal lektarstuðull þess vera nógu hár til að tryggt sé að sem minnst sigvatn safnist fyrir á botni urðunarstaðarins. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn.
- Hliðar urðunarstaðarins skal klæða með viðurkenndum þéttidúk, t.d. bentónít-dúk, sem veitir að lágmarki samsvarandi vörn og jarðfræðilegur tálmi með lektarstuðul $1,0 \cdot 10^{-8}$ m/s og þykkt 1 m. Skal þéttidúkurinn ná frá efstu brún urðunarreina og niður fyrir neðra borð hriplags á botni. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn.

Samkvæmt framangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðuninni verði framangreindum skilyrðum fylgt, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Sýni niðurstöður eftirlitsmælinga að mengun í jarðvegi, grunnvatni eða yfirborðsvatni sé meiri en gert er ráð fyrir mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

3.4 Sigvatn

Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum. Heimilt er að dæla sigvatni aftur upp á urðunarstaðinn og dreifa því yfir urðaðan úrgang, í þeim tilgangi að örva gasmyndun. Sigvatninu skal eingöngu dreift yfir úrgang sem hefur verið birgður með þekjuefni. Sigvatn sem ekki er dælt aftur upp á urðunarstaðinn skal leiða í gegnum hreinsivirki og til sjávar í Þerneyjarsundi. Í hreinsivirki skal hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti þannig að það valdi ekki mengun í viðtaka. Að lágmarki skal hreinsa föst efni úr sigvatninu með setþró.

3.5 Hauggas og gashreinsistöð

Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Rekstraraðili skal eftir fremsta megni leitast við að meðhöndla og nýta gasið en brenna það ella, að fengnum viðeigandi leyfum. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggassins skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna. Vinnsla á hauggasi til framleiðslu eldsneytis telst vera endurnýting á hauggasinu.

Afgas frá gashreinsistöð skal hreinsa, t.d. með lífsíu, áður en því er hleypt út.

Frárennsli frá gashreinsistöð skal meðhöndla með fullnægjandi hætti. Heimilt er að nýta frárennslisvatnið til hreinsunar á lofti frá móttöku og urðun á lyktsterkum úrgangi, sbr. 3. mgr. gr. 3.2. Frárennslisvatn sem ekki er nýtt með þeim hætti skal leiða til sjávar í Þerneyjarsundi. Ef þörf krefur skal hreinsa vatnið með fullnægjandi hætti þannig að það valdi ekki mengun í viðtaka.

Verði vart við leka hauggass, metans eða afgass frá gashreinsistöð skal bregðast við án tafar, stöðva lekann og gera viðeigandi endurbætur á lögnum, tönkum eða öðrum hlutum stöðvarinnar.

3.6 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða frá starfseminni og skal uppfylla mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. MÓTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs til urðunar skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Einnig skal skrá uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til urðunar.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs til urðunar er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

4.2 Spilliefni

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti, að undanskildum stöðugum, óvirkum spilliefnum sem heimilt er að urða skv. gr. 1.2. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

4.3 Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Skal þekjulagið vera að lágmarki 150 mm að þykkt. Þó er heimilt að víkja frá þessu verklagi og birgja úrganginn sjaldnar ef um er að ræða baggaðan úrgang sem urðaður er í stæðu og skapar ekki lyktarmengun frá urðunarstaðnum. Þessi úrgangur skal þó birgður svo fljótt sem auðið er og skulu varnir gegn lyktarmengun vera í samræmi við 2. mgr. gr. 3.2. Á tímabilinu 1. maí – 30. september ár hvert skal birgja baggastæðu a.m.k. í lok hverrar vinnuviku. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.

Sérstök ákvæði gilda um frágang við urðun á lyktsterkum úrgangi, sbr. 3. mgr. gr. 3.2.

4.4 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til jarðmyndana á urðunarstað, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

4.5 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

5.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
3. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
4. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
5. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
6. Rekstur hreinsimannvirkja.
7. Niðurstöður mælinga á magni og samsetningu sigvatns, grunnvatns og sjávarsets, sbr. gr. 5.2.
8. Niðurstöður mælinga á þrýstingi og samsetningu hauggass, sbr. gr. 5.2.
9. Daglegt magn úrkomu á staðnum.
10. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
11. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.

12. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.

13. Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

5.2 Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni, grunnvatni, sjávarseti og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð og skulu mælingar á hauggasi gefa rétta mynd af hverjum hluta urðunarstaðarins.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal vakta sigvatn, grunnvatn, sjávarset og hauggas samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaðir	Efnisþættir	Tíðni
Magn sigvatns	Neðan hreinsivirkis	Rennsli	Mánaðarlega (einnig við hverja sýnatöku); fyrir fyrsta dag hvers mánaðar
Samsetning sigvatns	Í mælibrunni neðan hreinsivirkis	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH_4^+)	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning sigvatns	Í mælibrunni neðan hreinsivirkis	Uppleyst lífrænt kolefni (DOC), níturat (NO_3^-), köfnunarefni (N_{heild}), fosfat (PO_4^{3-}), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), klóríð (Cl^-), flúoríð (F^-), sulfat (SO_4^{2-}), BTEX, fenóltala, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkel (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimón (Sb), selen (Se), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: ÁN-2, ÁN-4, ÁN-5, ÁN-9, ÁN-10, auk 4ra nýrra brunna	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: ÁN-4, ÁN-9, ÁN-10, ÁN-12, ÁN-13	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH_4^+), níturat (NO_3^-), fosfat (PO_4^{3-}), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Annað hvert ár; fyrir 1. okt.
Mengunarefni í sjávarseti*	Fínkornótt botnset við útrás sigvatns í vík vestan urðunarstaðarins	Blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), kopar (Cu), sink (Zn), króm (Cr), nikkel (Ni), arsen (As), lífræn halógensambönd (AOX)	Fjórdæ hvert ár; fyrir 1. okt.
Þrýstingur og samsetning hauggass	Borholur/úttak söfnunarkerfis	Þrýstingur, CH_4 , CO_2 , O_2	Mánaðarlega; fyrir 15. dag hvers mánaðar

Samsetning hauggass	Borholur/úttak söfnunarkerfis	H ₂ S, H ₂	Fjórum sinnum á ári; fyrir 1. apríl, 1. júlí, 1. okt. og 31. des.
------------------------	----------------------------------	----------------------------------	---

*Heimilt er að nota mælingar á mengunarefnum í kræklingi í stað mælinga á mengunarefnum í sjávarseti. Koma skal kræklingnum fyrir í búi í vik vestan urðunarstaðarins, við útrás sigvatns, og mæla sömu þætti og í sjávarseti. Til samanburðar skal mæla sömu þætti í kræklingi sem komið er fyrir í Hvalfirði, á stað sem eftirlitsaðili samþykkir.

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

5.3 Losunar- og umhverfismörk

Við útrás sigvatns í Þerneyjarsundi mega hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríum eða sveppum).
- Olía eða froða.
- Úrgangur eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Gæði sjávarsets skal meta út frá umhverfismörkum tilgreindum í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Eftirlitsaðili mun í reglubundnu eftirliti með starfseminni fylgjast með þessum þáttum í samræmi við gildandi verklagsreglur um framkvæmd eftirlits.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

5.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.5 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald, og skila árlega til útgefanda starfsleyfis.

Jafnframt skal rekstraraðili skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Heimilt er að samþætta skil á útstreymisbókhaldi og niðurstöðum skráninga skv. gr. 5.4, í samráði við Umhverfisstofnun.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í I. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. rg. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til **dd.mm** 2035.

Með útgáfu þessa starfsleyfis fellur eldra starfsleyfi SORPU í Álfnesi, útg. XX XX XX, úr gildi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. um gildistíma falla eftirfarandi ákvæði starfsleyfisins úr gildi 31. desember 2020:

- Gr. 1.2, 1. mgr., I. liður
- Gr. 1.6
- Gr. 1.9, 2. mgr.
- Gr. 2.1, 3. mgr.
- Gr. 2.1, 5. mgr., 4. másl.
- Gr. 2.4
- Gr. 2.7, 1. mgr., 1. másl.
- Gr. 2.10
- Gr. 2.11
- Gr. 3.2
- Gr. 3.3
- Gr. 3.4
- Gr. 3.5, 1. mgr.
- Gr. 4.1, 1., 2. og 4. mgr.
- Gr. 4.1, 3. mgr., 3. másl.
- Gr. 4.3
- Gr. 4.4
- Gr. 4.5
- Gr. 5.1, 1. mgr., 2.–4. liður og 7.–13. liður, og 2. mgr.
- Gr. 5.2
- Gr. 5.3
- Gr. 5.5
- Viðauki 2

Reykjavík, **dd. mm. 2019**

Umhverfisstofnun

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru skiladagar tilgreindir:

- Grein 3.3: Greinargerð um stöðu botns m.v. grunnvatnshæð skal lögð fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.
- Grein 5.4: Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 5.4: Senda skal Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 5.5: Skila skal grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi eftir því sem viðeigandi reglugerðir kveða á um.

Ef ósamræmi er á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins þá gildir megintextinn.

VIÐAUKI 2

Skilyrði a liðar 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 um urðun aukaafurða dýra.

- Ef um er að ræða efni í 1. flokki annað en efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009, skal því fargað með vinnslu með þrýstisæfingu, varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni og urðun á viðurkenndum urðunarstað skv. lið c í 12. gr. reglugerðarinnar. Í lið i., a liðar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 eru heilir skrokkar og allir skrokkhlutar dýra, þ.m.t. húð og skinn, sem grunur leikur á að séu sýkt af smitandi svampheilakvilla, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001, eða dýra sem opinber aðili hefur staðfest að séu sýkt af smitandi svampheilakvilla. Í lið ii., a liðar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 eru heilir skrokkar og allir skrokkhlutar dýra, þ.m.t. húð og skinn, sem eru aflífuð í tengslum við ráðstafanir til að útrýma smitandi svampheilakvilla.
- Ef um er að ræða efni í 1. flokki, sem um getur í f-lið 8. gr., skal því fargað með urðun á viðurkenndum urðunarstað skv. lið d í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009. Í f-lið 8. gr. er tiltekin eldhússúrgangur frá flutningatækjum í alþjóðlegri umferð.
- Ef um er að ræða efni í 2. flokki skal því fargað á viðurkenndum urðunarstað að lokinni vinnslu með þrýstisæfingu og varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni skv. lið c í 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.
- Ef um er að ræða efni í 3. flokki skal því fargað á viðurkenndum urðunarstað að undangenginni vinnslu skv. lið c í 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.

- Skv. lið d í 19. gr. í reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 getur lögbært yfirvald leyft förgun efna í 2. og 3. flokki, sem ekki starfar áhætta af fyrir heilbrigði manna og dýra, með öðrum aðferðum en brennslu eða urðun á staðnum undir opinberu eftirliti, þegar efnis fer ekki yfir tiltekið magn á viku, en það magn er ákveðið út frá eðli starfseminnar sem fram fer og tegundarinnar sem viðkomandi aukaafurðir úr dýrum koma úr. Umhverfisstofnun er lögbært yfirvald varðandi þessa grein.